

Dalabyggð

Kristján Sturluson, sveitarstjóri

Að beiðni sveitarstjóra Dalabyggðar hefur undirritaður tekið saman eftirfarandi álit vegna fyrirhugaðra framkvæmda við íþróttamannvirki í Búðardal fyrir allt að 950 millj. kr. á árunum 2022-2025. Álit þetta er tekið saman í samræmi við ákvæði 66. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 með síðari breytingum, um miklar fjárfestingar og skuldbindingar. Lagaákvæðið er eftirfarandi:

Áður en sveitarstjórn tekur ákvörðun um fjárfestingu, framkvæmd eða aðra skuldbindingu sem nemur hærri fjárhæð en 20% af skatttekjum sveitarfélagsins yfirstandandi reikningsár er skylt að gera sérstakt mat á áhrifum hennar á fjárhag sveitarfélagsins. Hér undir falla m.a. framkvæmdir, fjárfestingar í eignum, samningar um þjónustu, sölu og endurleigu fasteigna, fjármögnunarsamningar, rekstrarleigusamningar og því um líkar ráðstafanir. Hér undir falla einnig ákvarðanir um veitingu ábyrgða skv. 69. gr. og þær ákvarðanir fyrirtækja og stofnana sveitarfélags sem leiða til þess að ábyrgðarskuldbindingar sveitarfélags hækka um sem nemur hærri fjárhæð en 20% af skatttekjum viðkomandi ár.

Í mati skal gera grein fyrir kostnaðaráætlun og forsendum hennar, áhrifum á fjárhag sveitarfélags til lengri tíma og áhrifum af rekstrarkostnaði sé um hann að ræða. Í þeim tilvikum sem fjárfestingu, framkvæmd eða skuldbindingu er skipt á fleiri en eitt tímabil eða einingar skal líta á ákvörðunina í heild sinni. Mat skal framkvæmt af sérfróðum aðila sem ekki er tengdur sveitarfélaginu.

Sveitarstjórn Dalabyggðar hefur nú til umræðu fjárhagsáætlun fyrir árin 2022-2025. Í áætluninni birtast áform um fjárfestingu í íþróttamannvirki í Búðardal fyrir allt að 950 millj. kr. á árunum 2022-2025. Gangi áætlanir eftir er reiknað með því að mannvirkið verði tekið í notkun á miðju ári 2024. Áætlanir gera ráð fyrir því að rekstrarkostnaður vegna húsnæðisins og þeirrar starfsemi sem í því verður falli til frá miðju ári 2024 en að sama skapi lækkar rekstrarkostnaður samhliða sölu eigna að Laugum í Sælingsdal.

Fyrirhugað er að fjármögnun framkvæmdakostnaðar sé í formi lántöku að fjárhæð 649 millj. kr., með sölu á eignum sveitarfélagsins og Dalagistingar ehf. að Laugum í Sælingsdal að fjárhæð 291 millj. kr. og lækkun á handbæru fé að fjárhæð 10 millj. kr. Neðangreind tafla sýnir hvernig áætlaður framkvæmdakostnaður og fjármögnun framkvæmda leggst til á umræddu tímabili samkvæmt fyrirbyggjandi áætlunum Dalabyggðar fyrir árin 2022-2025 eftir fyrri umræðu.

Íþróttamannvirki Búðardal	2022	2023	2024	2025	Samtals
Áætlaður framkvæmdakostnaður	250.000	440.000	260.000	0	950.000
Fjármagnað með lántöku	-240.000	-196.800	-211.870	0	-648.670
Viðbótar fjárförf	10.000	243.200	48.130	0	301.330
Fjármagnað með sölu eigna		-243.200	-48.130	0	-291.330
Fjármagnað af handbæru fé	10.000	0	0	0	10.000


*fjárhæðir í þús. kr.

Íþróttamannvirkni Búðardal	Ársreikningur ársins 2019	Ársreikningur ársins 2020	Útkomuspá ársins 2021	Áætlun ársins 2022	Áætlun ársins 2023	Áætlun ársins 2024	Áætlun ársins 2025
Rekstrartekjur	961.986	993.006	1.109.589	1.149.358	1.382.102	1.244.649	1.301.459
Rekstrargjöld	846.554	909.429	1.057.784	1.072.031	1.097.683	1.168.805	1.247.589
Afskriftir	35.556	35.934	35.342	42.959	54.401	62.341	72.052
Fjármagnsliðir (fjármunatekjur umfram fjármagnsliðir)	(15.796)	(21.637)	(15.624)	(21.349)	(31.389)	(2.597)	(42.395)
Hlutfeild minnihluta og tekjuskattur	403	3.619	(388)	(388)	(7.513)	(388)	(388)
Rekstrarniðurstaða	64.483	29.626	451	12.640	191.116	10.518	60.964
Velturé frá (til) rekstrar	128.944	78.449	81.882	77.664	92.122	106.066	46.941
Næsta árs afborganir langtímalána	37.935	39.946	40.829	63.348	44.190	36.204	38.125
Skuldir	651.242	644.659	646.599	865.432	1.024.122	1.231.169	1.294.188
Skuldahlutfall	68%	65%	58%	75%	74%	99%	99%
Rekstrarjöfnuður	175.247	143.546	94.559	42.717	204.207	214.274	140.669

Við yfirferð framangreindra gagna verður ekki séð að áform um fjárfestingu í íþróttamannvirkjum hafi verulega íþyngjandi langtímaáhrif á rekstur og fjárhag sveitarfélagsins, gangi áætlanir eftir að öðru leyti. Rekstrarjöfnuður sveitarfélagsins verður jákvæður á tímabilinu hjá A og B hluta. Staða handbærs fjár í lok árs 2024 verður nálægt því sem útkomuspá ársins 2020 gerir ráð fyrir. Þá er skuldahlutfall sveitarfélagsins (skuldir sem hlutfall af rekstrartekjum) vel undir þeim viðmiðunum sem sveitarstjórnarlög kveða á um. Auk þess á sveitarfélagið verulega fjármuni í handbæru fé.

Borgarnesi, 24. nóvember 2020

Virðingarfyllst,



Ólafur Sveinsson
hagverkfræðingur